

Afstöðumynd 1/500

24.7.2017

# Brunahönnun fyrir Drumboddstaði

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (Gunnari H. Kristjánssyni byggingar- og brunaverkfræðingi, mál nr. 17-197) í september 2017 fyrir Drumboddsstaði, Bláskógabyggð. Lausnir eru skv. forskiftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með rökstuddum frávikum. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

## Flokkun og notkun byggingar

Byggingin verður í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð. Um er að ræða búningsklefa, sal og veitingasal ásamt geymslum í tengslum við útivistarstarfsemi.

## Brunahólfun

Húsið er eitt meginbrunahólf, um 470 m2.

Veitingasalur fyrir allt að 60 manns verður eitt brunahólf, um 87 m2.

Salur, geymslur og búningsherbergi og efri hæð er eitt brunahólf, um 385 m2.

Eldhús er í sama brunahólfi og salur, geymslur og búningsherbergi.

Frávik og rökstuðningur: Þetta er talið ásættanlegt þar sem sjálfvirkt slökkvikerfi verður sett upp í eldhunarháf.

## Burðarvirki

Hæðaskil verða a.m.k. REI60.

Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R60.

Stálburðarvirki er klætt af eða eldvarið þannig að það verði a.m.k. R60.

## Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.

Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

Veggklæðningar í flokki 2 verða málaðar með eldvarnarlakki þannig að þær verði í flokki 1.

Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

## Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang,

Frá veitingasal eru tvær óháðar flóttaleiðir.

Frá sal á neðri hæð verða tvær óháðar flóttaleiðir.

Frá efri hæð er BO og björgunarsvalir.

## Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfrlitsmynd er við inngang. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

## Gasbúnaður

Gasskápur er úr úbrennanlegu efni og loftræstur uppi og niðri a.m.k. 200 sm2. Settur skal upp segulloki í eldhús sem lokar fyrir gas í gasskáp. Settur skal upp gasnemi við eldunarstað.

## Loftræsikerfi

Útsogsstokkur frá eldhúsi skal vera heilsoðinn og uppfylla a.m.k. E30 og a.m.k. EI30 þar sem hann fer í gegnum þak.

## Reyklosun

Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.

## Brunaslöngur og slökkvitæki

Brunaslöngur eru í byggingunnni skv. teikningum skv. ÍST EN 671. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett skv. teikningu. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

## Slökkvikerfi

Sjálfvirkt og handvirkt slökkvikerfi verður sett upp í eldunarháf skv. NFPA 17a.

## Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.

Reikna skal með a.m.k. 1 lux á göngum, 15 lux við eldunarstað og 0,5 lux í sölum.

## Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Næsta slökkvistöð er á Reykholti í um 20 km fjarlægð. Því má gera ráð fyrir um 15 mín útkallstíma. Skv. leiðbeiningum MVS þarf að tryggja a.m.k. 1200 l/mín og a.m.k. 70 m3 slökkvivatn. Setja þyrfti upp brunahana sem annar þessu vatnsmagni eða leysa vatnsmál með öðrum hætti t.d. með vatnsgeymi á staðnum.

## Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins

(brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Drumboddsstaði.

www.brunahonnun.com

BRUNAHÖNNUN

20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=Iceland l=IS o=Brunahonnun slf e=gunnarbruni@gmail.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2017-07-26 10:35Z

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
**Samþykkt**
09 AUG. 2017
Byggingarfulltrúi

**DrumboddsstaðirLóð 12**
**Bláskógabyggð**
Landnúmer: 175133
Staðgreinir: 8721-02-00031020
Matshluti 1
Breytingar á þjónustuhúsi 18.07.2017
Teiknaðar eru upp áður gerðar breytingar á húsnæðinu frá samþykktum teikningum frá 1999 og settar inn brunamerkinga
Húsið er í notkunarflokki 2.
Engar stærðar breytingar.

**Byggingarlýsing:**
Húsið er stálgrindarhús á steyptum sökkli, klætt að utan með bárujárni og einangran. Milligólf er í hluta hússins, notað sem geymslurými.

**Gólf:**
Gólf eru staðsteypt.
**Gluggar:**
Gluggar eru úr tré.
**Neysluvatn:**
Hitastig á neysluvatni skal ekki vera hærra en 60ºC úr krönum
Öryggisbúnaður skal sjá til þess að hiti fari ekki yfir 65ºC. **Hiti**
Efri og neðri hæð eru hitaðar upp með ofnum.
**Loftræsting:**
Loftræsting er náttúruleg um opnanlega glugga og með vélræ
loftræstinu í baðherbergjum og gluggalausum rýmum.
**Frárennsli:**
Frárennsli tengist rotþró.
**Sorpgeymsla:**
Sorpgeymsla skal vera a.m.k. A-EI60.

Drumbodd
Blásk
Afst

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað / teiknað : | /ff, sa | Verknúmer : | |
| Mælikvarði : | 1/100 | Dagsetning : | |

Teikn.nr. 2791 1

Aðalhönnuður :
Friðrik Friðriksson arkitekt Faí, Kt: 211256-4519

**Studio F - arkitekta**
Kelduhvammur 6, 220 Hafnarfjörður
Kt: 430707-1670 S: 571 0202 / 864 9610 Netf: studiof